

Fundargerð 4. fundar Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundarstaður: Brekkubær, Hellnum

Fundardagur: 10. september 2004

Af þeim sem voru boðaðir mættu eftirfarandi:

Guðlaugur Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – gulli@hellnar.is

Guðrún G. Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – gudrun@hellnar.is

Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – hjj@mi.is

Sigríður Finsen, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – finsen@soffi.com

Dagný Þórisdóttir, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – dagny@stykkisholmur.is

Menja von Schmalensee, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – menja@nsv.is

Fjarverandi:

Ástþór Jóhannsson, fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps – salmo@islandia.is

Guðbjörg Gunnarsdóttur, fulltrúi Þjóðgarðinum Snæfellsjökli – gudbjorg@ust.is

Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar – hildibrandur@simnet.is

Formaður setti fundinn kl. 14:15 og var strax gengið til eftirfarandi dagskrár:

1. Fyrri áfanga í vottunarferlinu náð: Benchmarking – leyfi til að nota Green Globe 21 merkið án haks.
2. Tékklandsferð á ráðstefnu Alþjóðaferðamálaráðs
3. World Travel Mart ráðstefnan í London
4. Auglýsingbæklingur - vefsíða
5. Upplýsingar um næstu skref vegna vottunar
6. Ávarp samgönguráðherra í 40 ára afmælishófi Ferðamálaráðs Íslands
7. Önnur mál

Muna – Erindisbréf!!! – senda nýtt bréf á bæjarstjórana!!!

1. Fyrri áfanga í vottunarferlinu náð: Benchmarking

Guðlaugur greindi frá því að óformleg tilkynning hefði borist frá Cathy Parsons forstjóra Green Globe 21 um að Viðmiðum (Benchmarking) GG21 hefði verið náð þótt ekki væri komin formleg skýrsla þar að lútandi frá Earth Check. Þetta væri stórkostlegur áfangi og honum bæri að fagna. Sagði hann jafnframt að þetta veitti sveitarfélögunum leyfi til að nota Green Globe 21 merkið án haksins í kynningarskyni. Sigríður spurði um notkun merkisins og greindi Guðrún frá því að það mætti m.a. nota á bréfsefni og umslög sveitarfélaganna, á vefsíðum þeirra, í fréttabréfum sveitarfélaganna, í kynningarbæklingum, á einkennisfötum þeirra sem vinna fyrir sveitarfélögin og utandyra við skrifstofur sveitarfélaganna, innandyra á skrifstofum þeirra og við aðkomu inn í sveitarfélögin eða inn á Snæfellsnes.

Sigríður bað fundarmenn að lyfta glösum og skála í tilefni af þessum árangri og óskaði fundarmönnum til hamingju með árangurinn. Var skálað í “Jöklakampavíni” (vatni) fyrir árangrinum.

Í umræðu kom fram að næsta skref er að halda fund með forsvarsmönnum sveitarfélaganna (sveitarstjórum) og ræða nánar þau ferli sem eftir er að vinna til að hægt sé að leita eftir lokaúttekt og vottun. Jafnframt þarf að fara af stað

kynningarherferð á verkefninu meðal íbúa og starfsmanna sveitarfélaganna. Þá kynningu þarf að skipuleggja með sveitarstjórum.

Nokkurs misskilnings virðist hafa gætt meðal þeirra sem stunda ferðaþjónustu á Snæfellsnesi að um leið og sveitarfélögin fá vottun Green Globe 21, fái fyrirtækin hana samtímis sjálfkrafa. Svo er EKKI. Hvert fyrirtæki fyrir sig þarf að leita eftir vottun, hvort sem er frá Green Globe 21 eða öðrum vottunaraðilum. Þessi vottun sem nú er sóst eftir nær einungis til starfsemi sveitarfélaganna. Hins vegar verðum við væntanlega öll með rekstur í vottuðum sveitarfélögum.

Rætt var um að setja greinar í bæjarblöðin og Skessuhornið og kynna í nokkrum liðum verkefnið nánar og rifja upp það sem áður hefur verið fjallað um, nú þegar fólk fer að snúa sér að venjulegum vetrarverkefnum. Jafnframt er hvatt til þess að stjórnarmenn í stýrihöpnum leiti eftir því við félög á sínu heimasvæði að fá tækifæri til að kynna verkefnið á fundum þeirra í vetur.

2. Tékklandsferð á ráðstefnu Alþjóðaferðamálaráðsins (WTO)

Guðlaugur greindi frá því að Alþjóðaferðamálaráðið stæði fyrir ráðstefnu í Tékklandi frá 17.-20. október n.k. Þar yrði fjallað um vottunarmál almennt, nauðsyn vottunar í ferðaþjónustu, sameiningu vottunaraðila svo ekki yrði mikið um lítil vottunarfyrirtæki o.fl. WTO leitar eftir dæmisögum um árangur af vottunurvinnu. Guðlaugur hafði sem verkefnisstjóri Snæfellsnesverkefnisins samband við ferðamálastjóra og ræddi við hann um möguleikana á því að kynna Snæfellsnesverkefnið á þessari ráðstefnu í samráði við Green Globe 21.

Ferðamálastjóra leist vel á hugmyndina og var umsókn send inn til WTO fyrir 1. sept. s.l. Svares við henni er að vænta eigi síðar en 17. september og kemur þá í ljós hvort verkefnið kemst inn á dagskrá ráðstefnunnar. Guðlaugur fór jafnframt til fundar við samgönguráðherra Sturla Böðvarsson. Vill ráðherra styðja við þetta verkefni og kynna það á ráðstefnunni, þar sem hann telur það til mikils framdráttar fyrir Ísland.

3. World Travel Mart (WTM) ráðstefnan

Ráðstefna þessi er önnur stærsta ferðasýning í heiminum og verður haldin í London frá 8.-11. nóvember n.k. Er þetta í 25. sinn sem hún er haldin. Green Globe 21 stefnir að því að veita sveitarfélögunum opinberlega viðurkenningu fyrir að mæta VIÐMIÐUM GG21 (Benchmarking) á þessari sýningu – á bás Ferðamálaráðs í viðurvist samgönguráðherra. Sveitarstjórnirnar á Snæfellsnesi þurfa að taka ákvörðun um það hvort þær sameinast um að senda einn sveitarstjóra á ráðstefnuna eða hvort þeir fara fleiri til að veita þessari viðurkenningu viðtöku. Sveitarstjórnirnar sjá sjálfar um að kosta ferðina.

Rætt var um það á fundinum að um leið og Earth Check sendir skýrslu sína um að viðmiðum hafi verið mætt verði sett heilsíðu auglýsing í Morgunblaðið og Fréttablaðið, kostuð af þeim sem að þessu verkefni standa, þar sem Snæfellingum væri óskað til hamingju með árangurinn. Þótt fundarmönnum þetta góð tillaga og voru hlynntir því að henni yrði hrint í framkvæmd.

4. Auglýsingabæklingur – vefsíða

Rætt var um mikilvægi þess að útbúa einn bækling fyrir Snæfellsnes, ekki óáþekkan þeim sem Snæfellsbær lét gera fyrir sitt sveitarfélag. Slíkur bæklingur væri í algjöru samræmi við stefnu sveitarfélaganna um samvinnu. Einnig væri hann í samræmi við umhverfisstefnu þeirra því með einum bæklingi væri verið að spara pappír, hönnunarkostnað o.fl. og sameina kynningaáttak fyrir Snæfellsnes og koma í einn farveg. Var rætt um að bæklinginn mætti fjármagna með auglýsingum og jafnvel hafa hann í PDF formati á vefnum svo þeir sem skoðuðu vefsíðu Snæfellsness gætu prentað hann út. Var talað um að láta ferðapjónustuaðila í víðasta skilningi orðsins vita af þessari fyrirætlan og biðja þá jafnframt um að sameinast í þessu átaki að gera einn veglegan bækling í stað þess að dreifa kröftunum í marga minni. Myndi þessi bæklingur hugsanlega vera tilbúinn fyrir mars 2005.

Ástþór hefur verið með nokkrar hugmyndir að vefsíðu og því var slæmt að hann skyldi ekki mæta á fundinn, en samþykkt var að Guðlaugur tæki málið upp við hann. Gerður yrði grunnur að vefsíðu sem allra fyrst, sem síðan væri hægt að bæta við og stækka eftir því sem starfið þróaðist. Einnig var rætt um það að vefsíðan yrði tengd inn á www.west.is og myndi koma upp þegar slegið yrði á mynd af Nesinu.

Í tengslum við Benchmarking viðurkenninguna á WTM var rætt um að útbúa fjórblöðung í A5 formati þar sem fram kæmi Green Globe 21 merkið án haksins, upplýsingar um sveitarfélögin, nokkrar myndir og svo vefslóðin. Væri það fyrsta stig kynningar erlendis.

5. Upplýsingar um næstu skref vegna vottunar

Guðrún greindi frá því að þar sem Earth Check (sér um Benchmarking úttekt fyrir Green Globe 21) hefði sífellt beðið um meiri upplýsingar í tengslum við Viðmiðin hefði vinna við lokaskýrslu tafist í samræmi við það. Nú væri íslenska skýrslan að mestu tilbúin og unnið yrði samhliða að því að endurbæta enska grunninn svo þær yrðu tilbúnar á sama tíma. Gert er ráð fyrir að þessi vinna taki um 2 vikur. Þá á eftir að prófarkarlesa og yfirfara skýrslurnar.

Hluti af skýrslunni þarf að vera framkvæmdaáætlun sem unnin er upp úr stefnu sveitarfélaganna. Stýrihópurinn þarf að móta slíka framkvæmdaáætlun í samráði við verkefnisstjórn vottunarverkefnisins og því er gert ráð fyrir því að Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur muni sitja næsta fund með stýrihópnum. Verða þá lögð fram drög að framkvæmdaáætlun sem verða til umræðu. **Stefnt er að því að halda fundinn kl. 14:00 miðvikudaginn 6. október n.k. í Ráðhúsinu í Stykkishólmi.**

Guðrún sagði verkefnisstjórn stefna að því að skila af sér lok október, hugsanlega 30. október en þá væru liðnir nákvæmlega 375 dagar frá því fyrsti fundur í tengslum við undirbúning að vottun var haldinn.

6. Ávarp samgönguráðherra í 40 ára afmælishófi Ferðamálaráðs Íslands

Guðlaugur greindi frá því að hann og Guðrún hefði setið fund með ýmsum aðilum á skrifstofu Ferðamálaráðs í upphafi júnímánaðar s.l. þar sem meðal annars var farið fram á það að Ferðamálaráð setti umhverfismál á oddinn á 40 ára afmæli sínu. Bein yfirlýsing kom ekki frá Ferðamálaráði á afmælinu, en meginhluti ræðu samgönguráðherra í afmælishófi samtakanna fjallaði um umhverfismál og þau nýju

tækifæri sem vinna að þeim byði upp á í framtíðinni. Las Guðlaugur tilvitnun úr ræðu ráðherra.

7. Önnur mál

Undir þessum lið var fjallað um fjármögnun verkefnisins og sagði Guðlaugur meðal annars að auðveldar yrði að leita eftir fjármögnunaraðila fyrir verkefnið nú þegar ljóst væri að sveitarfélögin á Snæfellsnesi hefðu mætti Viðmiðum GG21. Sagðist hann myndu fara í það að afla fjárstuðnings á næstu vikum.

Jafnframt var rætt um það að gera þyrfti fjárhagsáætlun fyrir stýrihópinn fyrir árið 2005 og leita fjármagns hjá sveitarstjórnunum, sem þyrfti að tryggja lágmarksfjármagn til reksturs hans. Var talað um að gera það í október.

Guðrún spurði sveitarstjórnarfulltrúana (Dagný og Sigríður) hvort erindisbréfið hefði verið afgreitt í þeirra sveitarstjórnnum. Nauðsynlegt er að afgreiða erindisbréfið, sem sent var út með síðustu fundargerð og þarf hver sveitarstjórn í raun að gefa það út til handa sínum fulltrúa eða til stýrihópsins í heild. Það skilyrði er hluti af vottunarferlinu og vottun næst ekki nema það sé gert. Til öryggis mun Guðrún senda sveitarstjórnunum þetta erindi á ný.

Endurtekið skal að næsti fundur er 6. okt. í Ráðhúsinu í Stykkishólmi – kl. 14:00. Vinsamlegast mætið tímanlega, boðið forföll eða sendið varamenn

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00
Fundarritari: Guðrún G. Bergmann